

Afgreiðslufundur

Ár 2025 fimmtudaginn 6. febrúar, kl. 09:00 var haldinn 1816. afgreiðslufundur Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur. Fundinn sátu Óskar Ísfeld Sigurðsson, Guðjón Ingi Eggertsson, Sigríður J. Jónsdóttir og Tómas G. Gíslason sem einnig ritaði fundargerð.

Þetta gerðist:

- Lögð fram umsókn Bolasmiðjunnar ehf., kt. 450303-2320, dags. 30. júlí 2024, um starfsleyfi fyrir matvöruverslun með forpökkuð matvæli (Reykjavík Gift Store) að Týsgötu 1, F2005953, rými 01 0102. Ný starfsemi.
Samþykkt að veita ótímabundið starfsleyfi.
- Lögð fram umsókn Lónkletts ehf., kt. 550216-0510, dags. 2. janúar 2025, um starfsleyfi fyrir matvöruverslun með forpökkuð matvæli (Rangá) að Skipasundi 56, F2018422, rými 01 0101. Ný starfsemi.
Samþykkt að veita ótímabundið starfsleyfi.
- Lögð fram umsókn Selfoss Town Tours ehf., kt. 520121-0800, dags. 22. nóvember 2024, um starfsleyfi fyrir veitingastað; veitingahús (MAR Seafood) að Frakkastíg 8b, F2004742, rými 01 0209. Ný starfsemi.
Samþykkt að veita starfsleyfi til 12 ára með *Starfsleyfisskilyrðum heilbrigðisnefndar Reykjavíkur fyrir samkomustaði*. Skilyrt er að rekstraraðili geri allt sem í hans valdi stendur til að koma í veg fyrir ónæði, sbr. ákvæði *Reglugerðar nr. 724/2008 um hávaða*.
- Lögð fram umsókn Wok to Walk Iceland ehf., kt. 480523-1130, dags. 18. janúar 2025, um starfsleyfi fyrir veitingastað; skyndibitastað/veitingastofu (Wok to Walk) að Borgartúni 29, F2244021. Ný starfsemi.
Samþykkt að veita starfsleyfi til 12 ára með *Starfsleyfisskilyrðum heilbrigðisnefndar Reykjavíkur fyrir samkomustaði og Almennum skilyrðum fyrir rekstri sölubása í Mathöll Borgartúni*. Skilyrt er að rekstraraðili geri allt sem í hans valdi stendur til að koma í veg fyrir ónæði, sbr. ákvæði *Reglugerðar nr. 724/2008 um hávaða*.
- Lagt fram erindi skrifstofu borgarstjórnar, dags. 23. janúar 2025, vegna bréfs sýslumanns, dags. 17. desember 2024, þar sem óskað er umsagnar um umsókn Akóges í Reykjavík, kt. 410169-6739, um rekstrarleyfi fyrir veitingastað í flokki II, tegund; samkomusalur (Akóges í Reykjavík) að Lág múla 4, F221-3622, rými 010301.
Samþykkt að veita neikvæða umsögn sbr. ákv. 8. gr. *Reglugerðar um hollustuhætti nr. 903/2024* og 1. gr. *Reglugerðar nr. 506/2010*. Fyrir liggur neikvæð umsögn byggingarfulltrúa frá 29. janúar 2025. Rekstraraðili hefur ekki starfsleyfi frá Heilbrigðiseftirliti Reykjavíkur.

6. Lagt fram erindi skrifstofu borgarstjórnar, dags. 17. júlí 2024, vegna bréfs sýslumanns, dags. 17. júlí 2024, þar sem óskað er umsagnar um umsókn Indra ehf., kt. 670701-2710, um rekstrarleyfi fyrir gististað í flokki II; tegund; minna gistiheimili (Bergþórugata 1) að Bergþórugötu 1, F2008131, rými 01 0201.

Samþykkt að veita neikvæða umsögn sbr. ákv. 8. gr. *Reglugerðar um hollustuhætti nr. 903/2024*. Fyrir liggur neikvæð umsögn byggingarfulltrúa frá 31. júlí 2024. Rekstraraðili hefur ekki starfsleyfi frá Heilbrigðiseftirliti Reykjavíkur.

7. Lagt fram erindi skrifstofu borgarstjórnar, dags. 18. nóvember 2024, vegna bréfs sýslumanns, dags. 13. nóvember 2024, þar sem óskað er umsagnar um umsókn Selfoss Town Tours ehf., kt. 520121-0800, um rekstrarleyfi fyrir veitingastað í flokki II, tegund; veitingahús (MAR Seafood) að Frakkastíg 8b, F2004742, rými 010209.

Samþykkt að veita jákvæða umsögn. Ekki er tekin afstaða til flokkunar áfengisveitinga þar sem það er ekki á verksviði heilbrigðiseftirlits né afstaða til gestafjölda þar sem hann er ákvarðaður í byggingarreglugerð. Skilyrt er að rekstraraðili geri allt sem í hans valdi stendur til að koma í veg fyrir ónæði, sbr. ákvæði *Reglugerðar nr. 724/2008 um hávaða*.

8. Lagt fram erindi skrifstofu borgarstjórnar, dags. 3. desember 2024, vegna bréfs sýslumanns, dags. 2. desember 2024, þar sem óskað er umsagnar um umsókn HB121 ehf., kt. 710322-2010, um rekstrarleyfi fyrir gististað í flokki II; tegund; gistiskáli (JL Hostel) að Hringbraut 121, F2223335, F2223338, rými 010401 og 010501.

Samþykkt að veita neikvæða umsögn sbr. ákv. 8. gr. *Reglugerðar um hollustuhætti nr. 903/2024*. Fyrir liggur neikvæð umsögn byggingarfulltrúa frá 3. desember 2024. Rekstraraðili hefur ekki starfsleyfi frá Heilbrigðiseftirliti Reykjavíkur.

9. Lagt fram erindi skrifstofu borgarstjórnar, dags. 30. október 2024, vegna bréfs sýslumanns, dags. 29. október 2024, þar sem óskað er umsagnar um umsókn Hótel Múla ehf., kt. 690120-1350, um rekstrarleyfi fyrir gististað í flokki II; tegund; stærra gistiheimili (Hótel Múli) að Ármúli 5, F2012676, F2227735, F2227740, rými 010103, 010203, 010304.

Samþykkt að veita neikvæða umsögn sbr. ákv. 8. gr. *Reglugerðar um hollustuhætti nr. 903/2024*. Fyrir liggur neikvæð umsögn byggingarfulltrúa frá 2. desember 2024.

10. Lagt fram erindi skrifstofu borgarstjórnar, dags. 6. febrúar 2025, vegna bréfs sýslumanns, dags. 6. febrúar 2025, þar sem óskað er umsagnar um umsókn Wok to Walk Iceland ehf., kt. 480523-1130, um rekstrarleyfi fyrir veitingastað í flokki II, tegund; veitingastofa (Wok to Walk) að Borgartúni 29, F2244021, rými 010102

Samþykkt að veita jákvæða umsögn. Ekki er tekin afstaða til flokkunar áfengisveitinga þar sem það er ekki á verksviði heilbrigðiseftirlits né afstaða til gestafjölda þar sem hann er ákvarðaður í byggingarreglugerð.

11. Lögð fram umsókn Hello Beauty ehf., kt. 620822-1160, dags. 21. janúar 2025, um starfsleyfi fyrir hárgreiðslu- og snyrtistofu (Hello Beauty) að Álfheimum 74, F2291185, rými 01 0102. Ný starfsemi.

Samþykkt að veita starfsleyfi til 12 ára með *Samræmdum starfsleyfisskilyrðum fyrir snyrtistofur og skylda starfsemi.*

12. Lögð fram umsókn Asian market ehf., kt. 450916-0720, dags. 29. janúar 2025, um leyfi til tóbakssölu (Ís-grill) að Réttarholtsvegi 1. Endurnýjun leyfis.

Samþykkt að veita tóbakssöluleyfi til 4 ára skv. 8. gr. *Laga nr. 6/2002 um tóbaksvarnir með síðari breytingum.*

Fundi slitið kl. 09:30

Tómas Guðberg Gíslason

Óskar Ísfeld Sigurðsson

Guðjón Ingi Eggertsson